

Mánudaginn 16. desember 1912.

Nr. 26/1912:

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps
 gegn
 Jóni Þórarinssyni.

D ó m u r:

Með bréfi, dags. 23. desbr. f. á., fór sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu þess á leit við bæjarfógetann í Reykjavík, samkvæmt beiðni hreppsnefndaroddvitans í Bessastaðahreppi, að hann innheimti, ef á þyrfti að halda með lögtaki, ógreitt aukaútsvar Jóns Þórarinssonar fræðslumálastjóra til Bessastaðahrepps fyrir fardagaárið 1910—11, að upphæð 8 krónur. Var stefndi síðan krafinn borgunar á gjaldi þessu í fógetarétti Reykjavíkur 9. jan. þ. á., en hann neitaði að greiða það og taldi sig eigi hafa verið skyldan til að greiða útsvar í Bessastaðahreppi, og þau mótmæli tók fógetinn til greina með úrskurði uppkveðnum 27. s. m., er ákvað, að hið umbeðna lögtak ætti eigi fram að fara. Þessum úrskurði hefir verið áfrýjað af hreppsnefndarinnar hálfu til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. júlí f. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfærslumann, en hann hefir krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi numinn og bæjarfógetinn skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak á útsvari og kostnaði, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað allan eftir mati yfirréttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir um nokkur ár verið eigandi að 2 hndr.

í jörðinni Hliði á Álftanesi (í Bessastaðahreppi). Árið eftir að hann eignaðist jarðarhluta þennan, fekk hann sér útskipt úr jörðinni sínum hluta af landinu, og hlaut þá alls 1564 □ faðma, og var rúmur helmingur þess garðræktarland, eða vel fallið til að hafa þar garðrækt, en hitt var tún, sem gefið hefir af sér mest 10 hesta af heyi. Stefndi girti land þetta og gerði þar matjurtagarð og heyjaði þar, auk þess sem hann hagnýtti sér hagbeit þar og leigði fjörurnar fyrir þangskurð gegn ákveðnu gjaldi. En stefndi notaði landið þannig að eins eitt ár. Næsta ár og síðan, þar á meðal fardagaárið 1910—11, hafði stefndi eigi önnur afnot af jarðarpartinum en þau, að hann tók til sín hey það, er féll af túninu, en annar maður sló það og hirti og flutti heim til stefnda í Hafnarfirði, gegn því að hafa í staðinn ókeypis afnot matjurtagarðsins, og voru um þetta munnlegir samningar milli þeirra fyrir öll árin.

Því er nú haldið fram af áfryjanda, að umrætt útsvar, 8 kr., hafi verið réttilega lagt á stefnda, samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, þar sem stefndi hafi fardagaárið 1910—11 haft leiguliða afnot af greindum jarðarparti sínum á Hliði, er hann hirti af honum hey það, er þar féll til á jörðinni. Stefndi staðhæfir aftur á móti, að hann hafi afhent öðrum manni, þeim er áður er áminst, jarðarpartinn gegn eftirgjaldi í heyi, er félli af túninu, og hafi hann því ekki haldið eftir neinum leiguliðaafnotum af partinum, heldur að eins þegið eftirgjald eftir eign sína, er hann tók við heyinu.

Eins og fyr er getið, voru samningar milli stefnda og manns þess, er haft hefir afnotin af matjurtagarðinum, að eins munnlegir, en maður þessi hefir, eftir að hinn

áfrýjaði úrskurður var feldur, verið krafinn vitnisburður um það fyrir rétti, hvernig afnotum hans af jarðarpartinum hafi verið varið samkvæmt samningum hans við stefnda, og hefir hann gefið þá skýrslu þar að lútandi, og stefndi ekki mótmælt henni beint sem ósannri eða rangri, að hann hafi af jarðarparti stefnda að eins haft afnot matjurtagarðs þess, er þar var, og fyrir þau afnot ein átt að skila heyinu þurru af túninu heim til stefnda. Samkvæmt þessari vitnaskýrslu, sem teljast verður viðurkend rétt vera af stefnda, verður að líta svo á, að stefndi hafi sjálfur haft afnot af jarðarparti sínum, að undanskildum matjurtagarðinum, og að ræktun hans á túninu eða heyöflun þar hafi verið leiguliða-afnot af jarðarpartinum, og kemur þetta heim við það, sem viðurkent er í málinu, að stefndi hefir umrædd ár öll greitt sjálfur skatta og skyldur af jarðeign þessari til hins opinbera. Samkvæmt þessu verður að álíta Bessastaðahreppi hafi, samkvæmt áðurgreindri grein sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, verið heimilt að leggja aukaútsvar á stefnda til hreppsins, og ber því að skylda fógötann til að framkvæma lögtak það, er um var beðið. Málskostnaður þykir mega falla niður. Hinum skipaða málfærslumanni hreppsnefndarinnar, sem hefir flutt málið óaðfinnanlega, ákveðast 20 kr. í málfærslulaun, og greiðast þau úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal úr gildi feldur, og ber fógötanum að framkvæma hið umbeðna lögtak. Málskostnaður fellur niður, og greiðir lands-

sjóður hinum skipaða málfærslumanni áfrýjanda Gísla yfirréttarmálaflutningsmanni Sveinssyni málfærslukaup fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Nr. 50/1912:

Réttvísinn
gegn
Guðna Einarssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um þau atriði, er nú skal greina:

1. Fá skýrslu ákærða um það, hvernig Ólafur sá Jónsson, er hann kveðst hafa selt umgetin smíðatól o. fl., hafi verið í hátt og hvernig klæddur.
2. Fá skýrslu heimilisfólks á Melstað á Bráðræðisholti um það, hvort Ólafur Jónsson, sá er hér geti verið um að ræða, hafi þekst þar.
3. Yfirheyra fólk það í Hjálpræðishernum, er upplýsingar gæti gefið um gistingu ákærða þar nóttina milli 6. og 7. jan. þ. á., sbr. réttarhald 9. jan. og 14. febr. þ. á.
4. Yfirheyra menn þá, er upplýsingar gætu gefið um erindagerðir ákærða hér í bænum 6. og 7. jan. þ. á. (sbr. réttarhald 9. jan. þ. á.).
5. Yfirheyra Guðmund kaupmann Þórðarson í Gerðum, og ef þörf þykir heimilsfólk hans, um hvað kunnugt hafi verið um peningaeign ákærða, er hann fór þaðan til Reykjavíkur 6. jan. þ. á.